



1189. stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 2. apríl 2019, kl. 12:00 í Borgartúni 21 í húsi Ríkissáttasemjara

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Anna Þóra Ísfold, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Selma Árnadóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Eiður Stefánsson formaður FVSA, Viðar Ingason hagfræðingur VR og Bryndís Guðnadóttir sviðsstjóri

Dagskrá:

1. Fundargerð 1188. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1188. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Lífskjarasamningur 2019 – 2022

Ragnar Þór sagði að komist hafi lending á samningamálin í gær. Stíllt hefur verið upp ramma að nýjum kjarasamningi. Á honum er fyrirvari en forsenda fyrstu krónutöluhækkunar er stýrivaxtalækkun, einnig skattalækkunir og efni varðandi verðtryggingu og að meira verði sett í barnabætur, þá komi húsnæðisþakki og fjármögnun á Blæ húsnæðisfélaginu í samstarfi við Lífeyrissjóði og SA.

Vonandi mun samningurinn stuðla að því að vextir lækki og að komist á stöðugleiki til lengri tíma.

Ragnar Þór tók fram að hann væri mjög ánægður með þá hjálð sem hægt var að veita starfsmönnum WOW air og er hann stoltur af stjórninni. Þetta var svo allt glæsilega afgreitt á fundi með 200 starfsmönnum WOW air þar sem starfsfólk VR vann þrekvirki þannig að eftir var tekið.

Nú tók Stefán til máls og fór yfir helstu atriði samningsramma. Tók hann fram að allt sem fjallað væri um sé algjört trúnaðarmál því þetta eigi eftir að kynna sameiginlega síðar.

Aðalatiðin eru þau að um er að ræða kjarabætur til tekjulágs launafólks og er breið sátt um krónutöluhækkunir. Markmið samninganna er að stuðla að vaxtalækkun en segja má að samningurinn sé þungur að aftan en léttur að framan. Vonast er til að komið gæti til 1 – 1,5% lækkunar vaxta með þeim launahækkunum sem samið var um.



Með forsendum þessa samnings ætti samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs ekki að minnka og verði hagvöxtur á samningstíma þá mun launafólk njóta þess sérstaklega þar sem í samningum er gert ráð fyrir breytileika en ef ekki er alltaf tryggð krónutala.

Síðan er í samningnum launaskriðstrygging þar sem tryggt er að taxtafólk fái að njóta ef kemur til launaskriðs. Þá skal lögfest hvernig verður hagað aðgerðum gegn kennitölufлакki og það verði gert refsivert að greiða laun undir lágmarkslaunum.

Nú fór Stefán yfir þær krónutöluhækkunar sem samið hefur verið um en þær eru á þá leið að 1. apríl 2019 komi 17.000 kr. hækkun og síðan komi 26.000 kr. eingreiðsla ofan á orlofsuppbót, sem greiða á fyrir 2. maí 2019. Þá komi 18.000 kr. hækkun 1. apríl 2020 en 6.000 kr. að auki ofaná taxtalaun, næst 15.750 kr. 1. janúar 2021 en 8.250 kr. að auki ofaná taxa laun og loks 17.250 kr. 1. janúar 2022 og 7.750 kr. að auki ofaná taxtalaun.

Miðað er við að lágmarkstekjutrygging fari stighækkandi og verði orðin 368.000 kr. við lok samningstíma en samningurinn gildir til 1. nóvember 2022.

Eins og áður sagði kemur til s.k. hagvaxtarauki sem taxtafólk fengi 100% greitt en aðrir fengju 75% upphæðarinnar og er á þá leið að ef hagvöxtur er 1% þá kemur til auka 3000 kr. hækkun, ef hann verður 1,5% þá 5,500 kr. hækkun, 2% gæfi 8.000 kr. hækkun, 2,5% gæfi 10.500 kr. hækkun og 3% gæfi 13.000 kr. hækkun. Þetta væri greitt út í maí ár hvert, fyrst í maí 2020.

Þá sýndi Stefán á slæðum nokkrar sviðsmyndir miðað við mismunandi hagvaxtarauka.

Samið er um aukinn sveigjanleika og meiri frítíma en það er ekki að fullu útfært en þó búið að semja um 45 mín. styttingu á viku bæði í verslun og á skrifstofu þannig að virkur vinnutími verði 35,5 stundir á viku. Þá komi til réttur til þess að eiga samtál um vinnutíma og þarf að semja um það við hvern og einn vinnuveitanda hvernig það er útfært. Þetta þýðir ein vika í aukafri á ári.

Svo er gert ráð fyrir aukinni lækkun skatta en stjórnvöld höfðu gefið út lækkun um 7,636 kr. en bætt hefur verið við 1,364 kr. svo lækkun alls sé 9.000 kr. en við ætlum þó að reyna að ná þessu í 10.000 kr. En 9.000 kr. er ígildi 14,250 kr. launahækkunar fyrir skatt.

Nú tók Stefán dæmi um hækkun barnabóta hjá einstæðu foreldri með 2 börn þar sem annað er undir 7 ára og það þýðir 9.500 kr. hækkun en hjá foreldrum í sambúð væri það 14.000 kr.

Þá rakti Stefán ýmsa aðra þætti samningsins svo sem þá er snúa að hækkun hámarksfjárhæða í fæðingarorlofi, sérstaka hækkun persónuafsláttar, leiguvernd, eflingu íbúðakerfisins með hraðari uppbyggingu, að ríkið leggi til Keldnaholtslandið undir íbúðir, aðgerðir gegn félagslegum undirboðum, brotastarfemi á vinnumarkaði ofl. Þá var rætt um lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði.

Næst ræddi Stefán lægri vexti en Seðlabankinn mun lækka vexti þegar launahækkanir teljast vera innan svigrúms. Við vonumst eftir a.m.k. 1% lækkun vaxta yfir 12 mánaða tímabil. Þetta er skynsamlegur samningur sem veitir skilyrði til vaxtalækkunar enda mun Seðlabankinn verja íslensku krónuna fyrir falli og einnig mun jafnvægi á fasteignamarkaði knýja á um vaxtalækkun. Lækkun vaxta eykur kaupmátt og ráðstöfunartekjur heimilanna, stuðlar að hagvexti, eykur samkeppnishæfni, lækkar leiguverð og margt annað jákvætt fylgir í kjölfarið. Þá bar Stefán saman vaxtastig á Íslandi við þau lönd sem við berum okkur saman við og sagði að vonandi yrði hægt að bjóða uppá sambærilegt vaxtastig hérlendis í kjölfar samningsins.

Tók Stefán nú dæmi um áhrif á ráðstöfunartekjur lág- og meðaltekjufólks sem var á bilinu 4,8% - 9,2%. Svo tók hann dæmi um heildaráhrif á kjör verka- og verslunarfólks sem gæti endað sem heildarhækkun uppá 416.485 kr.

Ragnar Þór tók nú til máls og sagði að gjaldþrot WOW air hafi sett mikinn þrýsting á viðræður. Lengra verði ekki gengið, við fáum ekki meira frá SA. Vonandi næst svo lokamarkmið samninganna sem er algjört bann á nýjum verðtryggðum húsnæðislánum en það er í stífri vinnslu.

Það er enn verið að útfæra vinnutímastyttinguna sem kemur sér vel fyrir meðal- og hátekjufólk sem ekki fær eins mikla krónutöluhækkanir og lágtekjufólkið.

Spjótin standa nú á stjórnvöldum. Í vinnslu eru ýmis úrræði vegna húsnæðiskaupa t.d. fyrir fyrstu kaupendur.



Þetta sem hér hefur verið kynnt er ramminn utanum þakkann, margt hangir enn á spýtunni. Lagði Ragnar Þór svo enn þunga áherslu á að um þessi atriði öll yrði að halda algjöran trúnað.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þá tillögu sína að hann fengi umboð til þess að halda þessari samningavinnu áfram eins og hún var nú kynnt.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 13:25

Árni Leósson, fundarritari